

## Skólaráðsfundur 7. desember 2022

### Fundinn sátu:

Vildís Björk Bjarkadóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Markús Máni Gröndal, Hulda Þórey Halldórsdóttir, Elenóra Jónsdóttir, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

### Matarmálin.

Maturinn hefur batnað mikið, nóg af honum, en samt berast ennþá uppsagnir á áskrift í mat.

### A - álman.

Rætt um ástand A-álmunnar, en málið er í ferli hjá sveitarstjórn. Vandamálið er búið að vera lengi til staðar og töluverð lekavandamál meðfram gluggum og samskeytum. Skipta þarf um allar lagnir, gólfefni og loft, þ.a. kostnaður er mikill við nauðsynlegt viðhald. Sumir starfsmenn og nemendur finna fyrir einkennum sem gefa til kynna að mögulega sé mygla til staðar. Prófun fór fram í gær. Prófunin getur gefið vísbendingar um hvort skoða þurfi húsnæðið enn frekar. Niðurstaðna er að vænta eftir viku til 10 daga.

Fram kom athugasemd um að einstakir foreldrar sem skutla börnum sínum í skólann á morgnana leggi í rennunum, fari út úr bílnum til að hjálpa börnum sínum út og tefji með því umferð. Rætt um hvað hægt er að gera í málinu. Möguleiki á að auka gæslu og aðstoð á morgnana.

Formaður foreldrafélagsins afhenti ný lög foreldrafélagsins eftir lagabreytingar sem gerðar voru á aðalfundi nú í haust. Á aðalfundinum var einnig hópavinna bekkjartengiliða, þar sem hlutverk tengiliða í bekkjum var endurskoðað. Lög foreldrafélagsins og listi yfir hlutverk tengiliða verða uppfærð á vef skólans fljótlega.

Skólastjóri kynnti fyrstu niðurstöður úr Skólapúlsinum, nemendakönnun í 6. - 10. bekk. Aðeins 1/4 hluti nemenda hefur svarað, þ.a. niðurstöður eru kannski ekki alveg marktækar, en gefa ákveðnar vísbendingar. Næsti úrtakshópur tekur könnunina fyrir jól.

Næsti fundur skólaráðs er áætlaður miðvikudaginn 18. janúar 2022.